

**ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS**  
**um þriðju breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008**  
**um ráðstöfun eigna og skulda**  
**Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.**

Með heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

**FORSENDUR:**

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 21. október 2008 var tekið fram að Nýi Kaupþing banki hf. skuli gefa út skuldabréf til Kaupþings banka hf. til greiðslu endurgjaldsins fyrir því sem ráðstafað er til nýja bankans. Þá er tekið fram að skilmálar skuldabréfsins skuli liggja fyrir innan 10 daga frá því að niðurstaða matsaðila liggur fyrir. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. febrúar sl., skal niðurstaða matsaðila um mat á eignum og skuldum liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2009. Það skuldabréf eða fjármálagerningur sem gefinn verður út frá nýja bankanum til þess gamla er flókinn gerningur og viðameiri en ætlað var. Þá er mikilvægt að stjórnvöld fái svigrúm til að taka afstöðu til gerningsins að höfðu samráði við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt er. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka frágangi þessa fjármálagernings eftir að niðurstaða matsaðila til greiðslu endurgjaldsins liggur fyrir. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 12. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. október 2008.

**ÁKVÖRÐUN:**

Skilmálar fjármálagerningsins skulu liggja fyrir eigi síðar en 18. maí 2009.


Öll ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

**FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ**

6. mars 2009.



Gunnar Haraldsson  
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason  
Forstjóri